Í endurskoðaðri tekjuáætlun eru skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila taldir verða rétt um 79 milljarðar króna og lækka lítillga frá fjárlagaáætlun eða um rúmlega ½ milljarð. Þetta má rekja til þess að almennar atvinnutekjur hafa ekki hækkað eins mikið og gert var ráð fyrir, meðal annars vegna aukins atvinnuleysis, og því er áætlað að tekjuskattar einstaklinga lækki um rúmlega milljarð frá fjárlagaáætlun. Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga er hins vegar áætlaður 5½ milljarður króna eða hálfum milljarði hærri en í fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði lægri en áætlað var en það má einkum rekja til þess að ríkisreikningur fyrir árið 2002 sýndi lakari útkomu en miðað var við í fjárlagaáætlun.

Tryggingagjöld. Tekjur af tryggingagjaldi hafa einnig verið heldur undir áætlun það sem af er ári en það skýrist af minni heildarhækkun launa en áður var spáð. Hér er miðað við að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum lækki um rúmlega hálfan milljarð króna frá fjárlagaáætlun.

Skattar á vöru og þjónustu. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að skattar af vörum og þjónustu hækki um rúma 2,7 milljarða króna. Stærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur, 81,4 milljarðar króna, sem hækkar um 1,7 milljarða umfram fjárlög. Þessa hækkun má sem fyrr segir einkum rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Aukin neysla kemur einna skýrast fram í stórauknum innflutningi bifreiða en gert er ráð fyrir að alls verði fluttir inn 12.000 bílar á árinu 2003 en tæplega 8.500 bílar voru fluttir inn á árinu 2002. Þessi aukning hefur skilað sér í meiri vörugjaldstekjum sem talið er að verði 800 m.kr. hærri en í fjárlagaáætlun. Aftur á móti hafa tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum dregist saman þrátt fyrir gjaldskrárhækkun í upphafi ársins og hefur tekjuáætlun ársins verið lækkuð um 340 m.kr.

Aðrar rekstrartekjur. Búist er við að aðrar rekstrartekjur aukist um rúma 2,2 milljarða króna. Stærstan hluta þessarar hækkunar má rekja til aukinna arðgreiðslna frá ríkisfyrirtækjum. Tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs hækka um einn milljarð. Þessi hækkun er metin í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi 2002 þar sem þessar tekjur voru 2,4 milljörðum króna yfir fjárlögum. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs lækki um 350 milljónir króna vegna lækkunar vaxtastigs.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana. Leitað hefur verið skýringa á frávikum frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð. Miðað er við að í fjárukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og -úrskurdir. Þá eru hagrænar forsendur endurmetnar, svo sem vaxtagjöld, og útgjöld almannatrygginga endurskoðuð í ljósi þróunarinnar sem af er árinu. Einnig er tekið tillit til nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar og áhrifa nýrrar lagasetningar sem hafa útgjöld í för með sér. Loks er gerður upp rekstrarhalli nokkurra stofnana, hann bættur að hluta eða ákveðið að bæta hann ekki eftir því hvaða skýringar hafa fengist á frávikum og hvort talið er að tekist hafi að koma í veg fyrir áframhaldandi útgjöld umfram heimildir.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði hækkaðar um samtals 8 milljarða, þar af eru 2,3 milljarðar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, 1,5 milljarðar til félagsmálaráðuneytis, 1,3 milljarðar til fjármálaráðuneytis og um 1 milljarður til hvors ráðuneytis menntamála og umhverfis. Frávik frá fjárheimildum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis skýrast að stærstum hluta af hallarekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, eða um 1,3 milljarðar, 430 m.kr. útgjöldum sjúkratrygginga og 550 m.kr. til stofnkostnaðar sjúkrastofnana. Útgjöld félagsmálaráðuneytis umfram áætlun fjárlaga skýrast af 1,1 milljarðs króna útgjöldum til atvinnuleysisbóta og 300 m.kr. til Ábyrgðasjóðs launa. Útgjöld fjármálaráðuneytis skýrast af 600 m.kr. hærri vaxtabótum en áætlað var í fjárlögum, 270

m.kr. meiri fjármagntekjuskatti vegna hagnaðar af eignasölu og tæplega 170 m.kr. vegna aukinna launabóta til stofnana ríkisins vegna úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar. Útgjöld menntamálaráðuneytisins umfram fjárlög skýrast að stærstum hluta af útgjöldum háskóla og framhaldsskóla vegna fjölgunar nemenda umfram forsendur og af rekstrarhalla framhaldsskóla. Útgjöld umhverfisráðuneytis skýrast annars vegar af rúmlega 550 m.kr. fjárheimild til ofanflóðaverkefna á þessu ári og 300 m.kr. tekjum og útgjöldum Úrvinnslusjóðs. Aðrar helstu breytingar á útgjöldum eru 300 m.kr. til Vegagerðarinnar sem er fyrirhugað að fjármagna með sölu á landi. Einnig er lögð til 100 m.kr. fjárveiting til Vegagerðarinnar til að gera upp umframkostnað vegna samninga við sérleyfishafa og fjölgun ferjusiglinga árið 2002. Þá má nefna 350 m.kr. aukin útgjöld utanríkisráðuneytis vegna neyðaraðstoðar við Írak og flugumferðastjórnar í Pristína. Loks má nefna 170 m.kr. útgjöld landbúnaðarráðuneytis til úreldingar sláturhúsa. Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 430 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Nánar er fjallað um breytingar á útgjaldaheimildum í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög ¹ 2003	Heimildir 2003	Breyt. frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	73.161	74.772	1.611	2,2
Lífeyrisskuldbindingar.....	4.555	4.555	0	0,0
Önnur gjöld	53.502	55.242	1.741	3,3
Sértekjur	-17.116	-17.343	-227	1,3
Rekstrargjöld samtals	114.101	117.226	3.125	2,7
Fjármagnskostnaður	15.500	15.070	-430	-2,8
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	25.326	25.326	0	0,0
Sjúkratryggingar	13.627	14.062	435	3,2
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.324	7.324	0	0,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.966	5.966	0	0,0
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	7.109	7.109	0	0,0
Barnabætur	5.430	5.430	0	0,0
Fæðingarorlofssjóður	5.292	5.292	0	0,0
Vaxtabætur	4.605	5.205	600	13,0
Afskriftir skattkrafna	4.000	4.000	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.028	3.028	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.163	4.263	1.100	34,8
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.620	2.623	3	0,1
Ríkisútvarpið	2.171	2.171	0	0,0
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	17.592	19.262	1.670	9,5
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	107.252	111.061	3.809	3,6
Viðhald				
Vegakerfi	4.327	4.749	422	9,7
Annað	1.725	2.024	299	17,3
Viðhald samtals	6.052	6.773	721	11,9
Fjárfesting				
Vegakerfi	10.573	10.232	-341	-3,2
Háskólar og framhaldskólar	2.236	2.551	315	14,1
Hafnarframkvæmdir	1.202	1.185	-18	-1,5
Heilbrigðisstofnanir	1.260	1.284	24	1,9
Flugvellir	693	688	-5	-0,7
Annað	5.973	6.807	835	14,0
Fjárfesting samtals	21.937	22.747	810	3,7
Gjöld samtals	264.842	272.876	8.034	3,0

¹ Fjárlög að viðbættum fyrri fjárukalögum ársins.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er farið fram á að bein lántökuheimild ríkissjóðs hækki úr 20.000 m.kr. í 21.600 m.kr., eða um 1.600 m.kr., til að bæta lausafjárstöðu ríkissjóðs.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins er leitað heimilda til breytinga á endurlánum ríkissjóðs en horfur eru á að þau lækki um 600 m.kr. Gert er ráð fyrir að endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 400 m.kr. sem skýrist af minni útlánum og betri innheimtu veittra lána en áætlað var og að lánsfjárbörf Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lækki um 200 m.kr., aðallega vegna lægri afborgana sjóðsins af teknum lánum.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins er farið fram á heimild til 9.684 m.kr. hækkunar ríkisábyrgða á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Í fyrsta lagi er um að ræða 1.500 m.kr. lækkun á heimild Landsvirkjunar, aðallega vegna minni fjárfestinga en reiknað hafði verið með. Í öðru lagi er um að ræða alls 10.697 m.kr. breytingu til hækkunar á heimildum Íbúðalánasjóðs en þar er um að ræða 13.412 m.kr. hækkun vegna húsbréfadeildar, 150 m.kr. lækkun vegna leiguíbúða, 1.065 m.kr. hækkun vegna viðbótarlána og 3.630 m.kr. lækkun vegna byggingarsjóða ríkisins og verkamanna. Breytingarnar skýrast af aukinni eftirspurn eftir húsbréfalánum sem að hluta til má rekja til þess að kaupendur vilja fremur taka ný lán í stað þess að yfirtaka áhvílandi lán. Þá hafa sveitarfélögin nær fullnýtt heimildir sínar til veitingar viðbótarlána. Lækkun á lánsfjárbörf eldri byggingarsjóðanna skýrist af uppgreiðslum veittra lána umfram áætlanir og lækkun lánsfjárþarfar vegna leiguíbúða skýrist af lengri framkvæmdatíma en ráð var gert fyrir í upphafi. Í þriðja lagi er svo aukin lánsfjárbörf Lánasjóðs landbúnaðarins skýrist einkum af minni afborgunum veittra lána og aukin lánsfjárbörf Byggðastofnunar skýrist aðallega af aukinni innlausn eigna til fullnustu á veittum lánum stofnunarinnar.

Í milljónum króna	Fjárlög ¹ 2003	Áætlun 2003	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	-10.670	-13.954	-3.284
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	11.700	9.650	-2.050
Veitt löng lán	-5.890	-5.360	530
Afborganir veittra lána	8.900	11.680	2.780
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.062	-1.060	2
Sala hlutabréfa og eignarhluta	16.870	16.640	-230
Fjármunahreyfingar samtals	30.518	31.550	1.032
Hreinn lánsfjárjöfnuður	19.848	17.596	-2.252
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	20.000	21.600	1.600
Afborganir af teknum lánum	-31.100	-30.700	400
Fjármögnun samtals	-11.100	-9.100	2.000
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.500	-7.500	0
Breyting á handbæru fé	1.248	996	-252

¹ Fjárlög að viðbættum fyrri fjárukalögum ársins.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um tæpa 14 milljarða króna. Það er um 3,3 milljörðum króna lægra en áður var áætlað og skýrist að mestu af óhagstæðari tekjujöfnuði. Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar skili rúmlega 31,5 milljörðum króna sem er um 1 milljarði króna umfram það sem áður var áætlað. Breytingin skýrist aðallega af um 2,9 milljarða króna afborgun af skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við ríkissjóð, sem ekki var reiknað með í fyrri áætlunum, og um 500 m.kr. lægri langtímalánveitingum en áður var ráðgert. Á móti kemur rúmlega 2 milljarða króna lækkun innborgana af eignasölu frá fyrra ári, aðallega vegna styrkingar á gengi íslensku krónunnar og endurskoðunar á söluverðmæti.

Eins og áður hefur komið fram er nú gert ráð fyrir að beinar lántökur A-hluta ríkissjóðs verði 21,6 milljarðar króna, sem er 1,6 milljörðum króna meira en áður var áætlað, og reiknað er með að afborganir tekinna lána verði 30,7 milljarðar króna sem er 400 m.kr. minna en áður var áætlað. Samkvæmt þessu eru horfur á að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 9,1 milljarð króna en það er 2 milljarða króna lægri niðurgreiðsla en áður var áætlað og er í samræmi við þróun lánsfjárafgangs. Staða gagnvart Seðlabankanum batnar um 996 m.kr. en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir 1.248 m.kr. aukningu handbærs fjár.

4 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að fjórar eru til ráðstöfunar á fasteignum eða eignarhlutum ríkisins í fasteignum, fjórar til kaupa eða leigu á fasteignum, ein til ráðstöfunar á eignum félags, ein til að leggja fram viðbótarhlutafé í félag og ein til kaupa á hlutafé í fyrirtækjum.

Sótt er um heimild til að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík. Um er að ræða húsnæði í eigu ríkisins sem ekki er lengur nýtt í þágu ríkisrekstrarins.

Heimild 2.26 er til að selja skemmu Vegagerðarinnar við Dufpaksbraut 10 á Hellu en ekki er þörf á henni við rekstur stofnunarinnar.

Heimild 3.31 er til sölu á eignarhlut ríkisins í fasteigninni Fossheiði 54 á Selfossi.

Heimild 3.32 er til sölu á eignarhlut ríkisins í Aðalgötu 10 í Súðavík. Tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir heilsugæsluna í Súðavík og var gömlu stöðinni því ráðstafað með sölu.

Heimild 6.37 er til kaupa á viðbótarhúsnæði fyrir hæfingarstöð fatlaðra á Egilsstöðum. Að mati Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi var brýn þörf á stærra húsnæði fyrir hæfingarstöðina á Egilsstöðum.

Heimild 6.38 er til kaupa á húsnæði fyrir líknarfélagið Byrgið en eins og kunnugt er hefur félagið flutt starfsemi sína úr Rockville á Suðurnesjum í Efri-Brú í Grímsnesi.

Heimild 6.39 er til kaupa á húsnæði fyrir fatlaða á Ísafirði. Sambýlið að Bræðratungu á Ísafirði hefur verið auglýst til sölu og er ástæða heimildarinnar sú að leysa húsnæðismál íbúa þess.

Heimild 6.40 er til kaupa á hluta skrifstofuhúsnæðis Sementsverksmiðjunnar við Mánabraut 20 á Akranesi í tengslum við sölu ríkisins á hlut sínum í verksmiðjunni.

Heimild 7.16 er til komin til að unnt sé að ráðstafa eignum Skráningarstofunnar hf. við slit á félaginu en félagið og Umferðarráð voru sameinuð í nýja stofnun sem nefnist Umferðarstofa.

Í heimild 7.17 er mælt fyrir um heimild ríkisins til að leggja fram 75 m.kr. viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélag Suðurnesja til eflingar heilsutengdrar ferðapjónustu á Suðurnesjum.

Heimild 7.18 er til kaupa á hlutafé Sementsverksmiðjunnar í fyrirtækjunum Speli hf. og Geca hf. í tengslum við sölu ríkisins á hlut sínum í verksmiðjunni.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 21,3 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 14,3 m.kr. fjárveiting vegna aukins kostnaðar í ár og í fyrra. Embættisannir forseta Íslands erlendis á árinu 2002 leiddu til aukinna launagreiðslna til handhafa forsetavalds. Einnig jókst síma- og þýðingarkostnaður verulega, einkum vegna opinberrar heimsóknar forseta Kína og opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Rússlands. Viðhaldskostnaður á embættisbifreiðum forseta Íslands, sem komnar eru til ára sinna, hefur aukist og starfslokasamningar og aksturssamningar leiddu einnig til aukins kostnaðar.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Óskað er eftir 7 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á húsaleigu. Fasteignir ríkissjóðs hafa séð um og fjármagnað stækkun og endurbætur á húsnaði Ríkisendurskoðunar og kemur það fram í hærri húsaleigu. Leigugreiðslum er framvegis ætlað að standa undir öllum kostnaði við rekstur og viðhald hússins.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 132,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Efnahagsrannsóknir. Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Alþýðusamband Íslands frá miðju ári 2002 um 30 m.kr. árlegt framlag ríkisins til samtakanna vegna starfa þeirra að efnahags- og atvinnumálum. Hér er um að ræða framlag vegna ársins 2002.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu á viðfangið af tveimur til-efnum, annars vegar 12 m.kr. til kaupa á kvikmyndasafni Vigfúsar Sigurgeirssonar í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 11. júní sl. Um er að ræða allar kvikmyndafilmur úr safni ljósmyndarans sem eru í varðveislu Kvikmyndasafns Íslands og með kaupunum eignast forsætisráðuneytið öll réttindi yfir myndefninu, þ.m.t. höf-

undarrétt. Hins vegar er farið fram á 8 m.kr. til að standa straum af kostnaði við undirbúning undir ýmsa viðburði í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi árið 2004.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Gerð er tillaga um 75 m.kr. fjárveitingu vegna verkefna á vegum fasteigna Stjórnarráðsins. Um er að ræða kostnað við endurbætur á Skuggasundi 3, Lindargötu 9 og Arnarhvoli sem tengist flutningum ráðuneyta.

261 Óbyggðanefnd.

1.01 Óbyggðanefnd. Lögð er til 22,6 m.kr. fjárveiting til að mæta halla síðasta árs og fyrisjáanlegum halla þessa árs. Starfsemi óbyggðanefndar er umfangsmeiri en ráð var fyrir gert auk þess sem kostnaður vegna úrskurða og málflutningslauna er hærri. Ekki er mögulegt að áætla með neinni vissu hver málflutningskostnaður kann að verða vegna þeirra mála sem koma til afgreiðslu nefndarinnar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er sótt um hækkun fjárveitingar til að styrkja fjárhagsstöðu nefndarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.062,8 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 10 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar sem leiðir af nýjum lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Áætlað er að fyrir gildistöku laganna hafi 1,5 starfsmaður sinnt málefnum vísinda- og rannsókna á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Eftir gildistöku þeirra var stofnuð sérstök skrifstofa vísindamála í ráðuneytinu þar sem starfa um það bil 4,3 starfmenn. Auk meiri launakostnaðar eykst kostnaður við sérfræðipjónustu, fundi og útgáfustarf.

238 Bygginga- og tækjasjóður.

6.60 Bygginga- og tækjasjóður. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki um 24 m.kr. til samræmis við endurskoðaða áætlun um auknar tekjur af einkaleyfisgjaldi Hapdrættis Háskóla Íslands.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Sótt er um 300 m.kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar háskólanemenda umfram það sem áætlað var fyrir í fjárlögum ársins 2003. Gert er ráð fyrir að viðbótarframlagið nægi fyrir kennslu 600 ársnemenda samkvæmt reglum

menntamálaráðuneytisins. Í fjárlögum er áætlað fyrir framlagi vegna 8.867 ársnemenda og er því um að ræða tæplega 7% fjölgun frá þeirri forsendu. Samtals er því reiknað með því að leggja háskólunum til framlag vegna 9.467 ársnemenda í háskólum á árinu. Í viðaukum samninga menntamálaráðuneytisins við háskólana er gert ráð fyrir að viðbótarframlag á yfirstandandi ári vegna nemendafjölgunar geti orðið að hámarki 383,8 m.kr. Skiptist það sem hér segir: Háskóli Íslands 214,1 m.kr., Kennaraháskóli Íslands 120,6 m.kr., Tækniháskóli Íslands 29,1 m.kr., Listaháskóli Íslands 20 m.kr. Til viðbótar þeim 300 m.kr. sem sótt er um á fjárukalögum verður 83,8 m.kr. varið af lið 299-1.91.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.13 Forfallakennsla. Farið er fram á 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta auknum kostnaði við veikindaorlof framhaldsskólakennara. Hækkandi meðalaldur kennara á framhaldsskólastigi er einn þeirra þátta sem skýra auknar greiðslur vegna veikindaorlofs. Einnig er talið að reglur menntamálaráðuneytisins um framlög til framhaldsskóla hafi leitt til þess að skólarnir skrái kostnað vegna veikinda nákvæmar en áður.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Farið er fram á 553 m.kr. aukafjárveitingu á viðfangsefnaliðinn. Í fyrsta lagi er sótt um 250 m.kr. til þess að mæta kostnaði við nemendafjölda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga ársins 2003. Fjárhæðin svarar til framlags vegna um það bil 540 ársnemenda samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins. Niðurstaða vorannar 2003 og spá fyrir haustönn, sem byggð er á innritunum í haust, bendir til þess að nálægt 16.550 ársnemendur verði í skólunum í ár. Í forsendum fjárlaga 2003 er gert ráð fyrir um 15.833 ársnemendum á fjárlagaliðum skólanna og óskiptum lið. Að teknu tilliti til þeirrar hækkunar sem sótt er um er áætlað fyrir framlagi fyrir um það bil 16.373 ársnemendum í framhaldsskólum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 180 m.kr. aukafjárveiting til þess að koma til móts við skóla með verulegan uppsafnaðan rekstrarhalla, enda hafi verið gerðar þær breytingar á rekstri og stjórnun hlutaðeigandi skóla sem duga til að útgjöld þeirra verði framvegis innan fjárheimilda. Í þriðja og síðasta lagi er farið fram á 53 m.kr. aukafjárveitingu til samnings við ASÍ og SA um það verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að sjá um framkvæmd samstarfsverkefna um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Stofnað var til verkefnisins í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Samningurinn, sem gildir frá 1. apríl sl. til ársloka 2006, gerir ráð fyrir að ríkið greiði 60 m.kr. til verkefnisins á heilu ári en 53 m.kr. árið 2003. Áætlað er fyrir heils árs framlagi til samningsins í fjárlagafrumvarpi 2004.

919 Söfn, ýmis framlög.

6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði. Menntamálaráðherra gerði hinn 26. mars sl. samning um 35 m.kr. styrk til Síldarminjasafnsins á Siglufirði til viðbótar þeim 7 m.kr.

sem safnið fær í fjárlögum yfirstandandi árs. Styrkurinn verður greiddur í þremur jöfnum hlutum á jafnmörgum árum og er óskað eftir 11,7 m.kr. framlagi vegna ársins 2003. Áætlað er fyrir framlagi ársins 2004 í fjárlagafrumvarpi.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Óskað er eftir 134 m.kr. aukafjárveitingu til að gera upp viðskiptareikning Endurbótasjóðs menningarstofnana. Í fjárlögum 2000 og 2001 var ákveðið að leggja allt að 260 m.kr. af óskertum tekjum sjóðsins á viðskiptareikning hjá ríkissjóði. Eftir að tekið er tillit til þess að við bókhaldsuppgjör fyrri ára er búið að leysa út hluta af inneign sjóðsins á viðskiptareikningi og draga aukafjárveitingar frá inneigninni standa fyrrnefndar 134 m.kr. eftir. Framlaginu og geymdum fjárheimildum sjóðsins í árslok 2002 verður varið til sammings um menningarhús á Ísafirði í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Samningurinn gerir ráð fyrir 251,2 m.kr. ríkisframlagi í heildina. Þar af hafa nú þegar verið veittir styrkir til verkefnisins að fjárhæð 45,2 m.kr. af ýmsum fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins. Miðað er við að greiða 90 m.kr. árið 2003, 40 m.kr. árið 2004 og skipta þeim 76 m.kr. sem þá standa eftir á árin 2005 og 2006.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.

1.10 Kvikmyndasjóður. Ríkisstjórnin samþykkti hinn 30. apríl sl. að óska eftir heimild í fjárákalogum til að verja 15 m.kr. af óráðstafaðri eign Menningarsjóðs útvarpsstöðva til að styrkja gerð leikins sjónvarpsefnis. Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður með breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000. Hann styrkti gerð útvarps- og sjónvarpsefnis auk þess að greiða hlutdeild Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sjóðurinn átti um síðustu áramót liðlega 50 m.kr. óráðstafaða eign en eftir er að gera upp skuldbindingar sjóðsins, m.a. gagnvart hljómsveitinni.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Farið er fram á 10,1 m.kr. aukafjárveitingu svo að unnt sé að veita styrki til verkefna sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg og sem ekki var hægt að sjá fyrir við ráðstöfun safnliðar á ársbyrjun.

999 Ýmislegt.

1.13 Útvarpsréttarnefnd. Óskað er eftir 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs halla útvarpsréttarnefndar en hann er áætlaður 5 m.kr. í lok yfirstandandi árs.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 372,2 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 16,2 m.kr. vegna aukins launakostnaðar ráðuneytisins. Kjaranefnd úrskurðaði að embættismenn, sem skipaðir væru eftir gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skyldu fá 5% álag á laun sín þar sem þeir væru ekki æviskipaðir eins og áður var. Samkomulag hefur orðið um að þær reglur nái einnig til embættismanna utanríkisþjónustunnar. Þarf því að greiða út ógreidd 5% til fjölda embættismanna í utanríkisþjónustunni, uppsafnað allt frá árinu 1996. Þess ber að geta að kjaranefnd hefur í síðasta úrskurði sínum felld niður álagið.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Sótt er um 306 m.kr. til tveggja verkefna, annars vegar 300 m.kr. vegna neyðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs í Írak. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi hinn 8. apríl sl. að veita allt að 300 m.kr. til neyðar- og mannúðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs í Írak. Þar af verður 100 m.kr. varið til neyðar- og mannúðaraðstoðar en allt að 200 m.kr. til uppbyggingarstarfs í kjölfar átaka. Neyðar- og mannúðaraðstoðinni verður skipt með eftirfarandi hætti: Alþjóðaráð Rauða krossins fyrir milligöngu Rauða kross Íslands, 40 m.kr., Hjálparstarf kirkjunnar, 10 m.kr., Barnaheill, 7 m.kr., Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, 5 m.kr., Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, 18 m.kr., Íslenska friðargæslan, 20 m.kr. Til viðmiðunar má geta þess að íslensk stjórnvöld veittu ríflega 200 m.kr. til mannúðaraðstoðar vegna átakanna við Persaflóa á árunum 1990 til 1991. Hins vegar er sótt um 6 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við ferð alþjóðabjörgunarsveitarinnar til Alsír í maí 2002. Hinn 21. maí reið öflugur jarðskjálfti yfir Alsír og var send út hjálparbeiðni til alþjóðabjörgunarsveita frá Sameinuðu þjóðunum. Utanríkisráðuneytið brást skjótt við og bauð fram aðstoð íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar við leit og björgun í rústum húsa sem höfðu hrundið. Var það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu utanríkisráðherra, dómsmálaráðherra og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar frá árinu 1999. Þann 23. maí barst Slysavarnafélaginu Landsbjörgu símbref frá sendiráði Alsírs í Stokkhólmi þar sem aðstoð var þegin og þess óskað að sveitin kæmi á vettvang hið fyrsta. Sveitin hélt utan samdægurs en sneri til baka hinn 27. maí. Kostnaður við för alþjóðabjörgunarsveitarinnar var 6 m.kr. sem var vegna flugmiða, dagpeninga og greiðslu yfirvigtar fyrir búnað.

401 Alþjóðastofnanir.

1.87 Íslensk friðargæsla. Sótt er um 50 m.kr. til að mæta ýmsum ófyrirséðum kostnaði sem fallið hefur til vegna reksturs flugvallarins í Pristína í Kosovo. Ísland leiðir nú fjölþjóðlegt verkefni undir merkjum herafla KFOR við að koma alþjóðaflugvellinum í Pristína í Kosovo í hendur Sameinuðu þjóðanna og heimamanna. Verkefnið hefur reynst kostnaðarsamara en gert var ráð fyrir vegna þess að aðilar, sem falið var að taka þátt í kostnaðinum, hafa heykst á því og ber Ísland kostnaðinn sem forystuþjóð.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 206,7 m.kr.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Farið er fram á 30 m.kr. framlag vegna fyrirhleðslna. Gert er ráð fyrir að aukafjárveitingunni verði varið til brýnnar uppbyggingar varnargarða.

811 Bændasamtök Íslands.

1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Lögð er til 2,8 m.kr. fjárveiting vegna uppgjörs á lífeyrissjóðsgreiðslum árána 2002 og 2003 í samræmi við samning við Bændasamtök Íslands um verkefni samkvæmt búnaðarlögum.

1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Lögð er til 3,9 m.kr. fjárveiting vegna uppgjörs á lífeyrissjóðsgreiðslum árána 2002 og 2003 í samræmi við samning við Bændasamtök Íslands um verkefni samkvæmt búnaðarlögum.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.15 Úrelding sláturhúsa. Lagt er til að 170 m.kr. verði veittar til úreldingar sauðfjársláturhúsa, sérstaklega þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til útflutnings. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingum til verkefnisins.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu vegna framlaga sem féllu niður við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Ráðuneytið hafði gert ráð fyrir að ráðstafa fjárhæð á liðnum til heilnæmisrannsókna á veiðisvæðum kúffisks og ræktunar-

svæða kræklinga, kostnaðar sem tengjast hvalveiðimálum og öðrum smærri verkefnum. Einnig er farið fram á heimild til að lækka höfuðstól 213-1.01 Verðlagsstofu skiptaverðs um 5 m.kr. og hækka um sömu fjárhæð 190-1.90 Ýmis verkefni, ýmislegt.

213 Verðlagsstofa skiptaverðs.

1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs. Farið er fram á að heimild til að lækka höfuðstól 213-1.01 Verðlagsstofu skiptaverðs um 5 m.kr. og hækka um sömu fjárhæð fjárlagalið 190-1.90 Ýmis verkefni, ýmislegt. Höfuðstóll Verðlagsstofu nam 9,3 m.kr. í árslok 2002.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 168,4 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að rekstrarframlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins verði hækkað um 4,4 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði í Skuggasundi þar sem Hagstofan var til húsa áður. Um er að ræða auknar leigugreiðslur frá 10. september sl. sem nema 3,6 m.kr. en innifalið í leigunni er ræsting, hiti og rafmagn. Leiga fyrir hvern fermetra er 1.200 krónur og er greitt fyrir 1.470 fm í Skuggasundi samanborið við 650 fm í Arnarhvoli. Að auki hefur verið nauðsynlegt að breyta nokkrum þáttum í nýju húsnæði frá því sem áður var ákveðið og er kostnaður við það um 0,8 m.kr. og kemur það til viðbótar fjárveitingum af lið 01-203 Fasteignir stjórnarráðsins.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Í frumvarpinu er farið fram á alls 12,2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi embættisins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 19,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til að láta fara fram hættumat og áhættugreiningu vegna eldgosa og hlaupa til norðurs, vesturs og suðurs frá Eyjafjallajökli og vesturhluta Mýrdalsjökuls. Framlagið verður einnig nýtt til að vakta svæðið. Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting lækki um 7,3 m.kr. vegna rekstrar almannavarnadeildar embættis ríkislögreglustjóra. Við undirbúning fjárlaga 2003 var stefnt að því að leggja niður starfsemi Almannavarna ríkisins um sl. áramót og færa verkefni til embættis ríkislögreglustjóra. Frumvarpið varð hins vegar ekki að lögum fyrr en í byrjun apríl og hefur það leitt til kostnaðar á þessu ári umfram heimildir fjárlaga. Almannavarnir ríkisins voru starfræktar með óbreyttu sniði fyrstu fjóra mánuði ársins. Á lið Almannavarna ríkisins er tillaga um framlag vegna þessa en á móti fellur niður framlag á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra fyrir sama tímabil.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir að veitt verði 15 m.kr. aukaframlag til að ljúka við flutning fjarskiptamiðstöðvar og almannavarna í Skógarhlíð og uppsetningu á björgunarmiðstöð á sama stað. Í fjárukalögum síðasta árs var samþykkt að veita aukaframlag að fjárhæð 23,6 m.kr. til ríkislögreglustjóra og 42,2 m.kr. til Almannavarna ríkisins vegna flutnings á stjórnstöð Almannavarna af Hverfisgötu í Skógarhlíð og flutnings á fjarskiptamiðstöð lögreglu í nýtt húsnæði í Skógarhlíð. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis var áætlaður 92 m.kr. og bar Neyðarlínan hf. afganginn af þeim kostnaði eða rúmar 26 m.kr. Fjárvöntun að fjárhæð 15 m.kr. stafar af því að starfsemin sem þarna fer fram er mjög sérhæfð. Þá jókst kostnaðurinn nokkuð vegna samstarfs-samnings milli þeirra aðila sem koma að leit og björgun í landinu um sameiginlega starfrækslu björgunarmiðstöðvar í Skógarhlíðinni.

321 Almannavarnir ríkisins.

1.01 Almannavarnir ríkisins. Farið er fram á 22,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna reksturs Almannavarna ríkisins á þessu ári. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2003 var að því stefnt að leggja niður starfsemi Almannavarna um sl. áramót og færa verkefni til embættis ríkislögreglustjóra. Frumvarpið varð hins vegar ekki að lögum fyrr en í byrjun apríl og hefur það leitt til kostnaðar á þessu ári umfram heimildir fjárlaga. Almannavarnir ríkisins voru starfræktar með óbreyttu sniði fyrstu fjóra mánuði ársins og nemur kostnaður við það 19,3 m.kr. Á móti fellur niður framlag á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra fyrir sama tímabil. Að auki fellur til kostnaður á þennan lið vegna biðlauna og launa starfsmanns í uppsagnarfresti sem ekki færðist yfir til ríkislögreglustjóra og er sá kostnaður áætlaður 3 m.kr.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á framlagi til vopnaleitar. Í fjárlögum 2002 var veitt 12 m.kr. framlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en hert eftirlit er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þess. Hækkun útgjaldanna nú stafar af auknu eftirliti á Reykjavíkurflugvelli en þó aðallega á Akureyri vegna áætlunarflugs milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

398 Útlendingastofnun.

1.01 Útlendingastofnun. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. aukafjárveitingu vegna reglugerðar Evrópusambandsins um samræmt form dvalarleyfa sem tekur gildi í ágúst 2003 en framleiða þarf sérstök dvalarleyfiskort og dvalarleyfismiða. Kostnaður vegna hönnunar og frumframleiðslu á kortunum er áætlaður 0,8 m.kr. en árlegur kostnaður er metinn á 3,2 m.kr. og miðast við frumtilboð frá dönsku fyrirtæki sem framleiðir samskonar kort og miða fyrir Dani, Finna og Svía. Við það er miðað að kortin verði tekin í

notkun á miðju ári og að kostnaður á þessu ári verði því 1,6 m.kr. að viðbættum hönnunarkostnaði.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.

1.20 Löggæsla. Sótt er um 3 m.kr. fjárveitingu til að gera embættinu kleift að ráða tvo sumarafleysingamenn vegna aukinna umsvifa í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi.

428 Sýslumaðurinn á Eskifirði.

1.20 Löggæsla. Farið er fram á að veitt verði 6 m.kr. fjárheimild til að fjölga lögreglumönnum um tvo. Brýnt er að gera embættinu kleift að koma á sólarhringsvakt vegna mikilla þungaflutninga og flutninga á hættulegum efnum, s.s. sprengiefnum, og aukinnar almennrar umferðar á þessu ári í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi. Reistar verða 150 manna vinnubúðir á Reyðarfirði og 70 manna búðir á Fáskrúðsfirði vegna jarðgangagerðar. Með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum framkvæmdum, fjölgar skýrslutökum til muna vegna ýmissa vinnuslysa. Kostnaður á ársgrundvelli er metinn á 12 m.kr. en hér er gert ráð fyrir útgjöldum hluta ársins. Einnig er gert ráð fyrir 2,2 m.kr. viðbótarframlagi til að standa straum af nýju starfi tollvarðar síðasta fjórðung ársins. Kostnaður á ársgrundvelli er áætlaður um 6,5 m.kr. Þar af eru laun um 5 m.kr. en annar rekstrarkostnaður tengdur tollgæslunni er metinn á um 1,5 m.kr. Tollafgreiðslur hafa aukist verulega undanfarin ár en Eskifjörður er aðaltollhöfn og því mikilvægt að þar starfi sérmenntaður maður. Með tilkomu stórframkvæmda á Austurlandi hefur álagið aukist. Tollvörður hefur verið starfandi tímabundið við embættið í sumar og hefur kostnaður verið greiddur af safnlið hjá fjármálaráðuneytinu. Samtals er því sótt um 8,2 m.kr. fjárheimild á þessum lið.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.01 Yfirsjórn. Lagt er til að framlag til embættisins á Hvolsvelli verði hækkað um 3,8 m.kr. vegna sektarinnheimtudeildar en embættið tók við deildinni af embætti ríkislögreglustjóra í upphafi árs 2003. Kostnaðaraukann er að rekja til fjölgunar sektarboða og hækkunar póstburðargjalda.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagt er til að fjárheimild þessa liðar hækki um 20 m.kr. vegna kostnaðar skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Útgjöldin voru um 124 m.kr. á árinu 2002 en framlag í fjárlögum 2003 er um 104 m.kr. Vöntun á þessu ári er því áætluð um 20 m.kr. Niðurstaða á þessum lið hefur ávallt verið felld niður um áramót. Hér erum að ræða kostnað vegna beiðna sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs um fjárnám og nauðungarsölur.

Kostnaðurinn hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hyggst dómsmálaráðuneytið vinna að úttekt á honum og með hvaða hætti til hans er stofnað.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar verði hækkað um 20 m.kr. á þessu ári. Afgangur frá fyrra ári að fjárhæð 14 m.kr. kemur á móti fjárþörf ársins og er stofnuninni ætlað að aðlaga rekstur sinn að fjárheimildum að öðru leyti.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Gert er ráð fyrir 58,1 m.kr. hækkun á fjárheimild þjóðkirkjunnar vegna launa presta, prófesta, biskupa og starfsmanna biskupsstofu á grundvelli samnings ríkis og kirkju um rekstur þjóðkirkjunnar. Hækkunin er vegna úrskurða kjaranefndar og Kjaradóms sem gilda frá 1. janúar 2003, Kjaradóms frá 10. maí 2003 og úrskurðar kjaranefndar frá 1. júní 2003. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að framlag lækki um 12,3 m.kr. vegna ofgreiðslu á árinu 2002 sem stafaði af ofáætlun launatengdra gjalda. Alls nemur breytingin á fjárveitingunni því 45,8 m.kr.

707 Kristnisjóður.

1.10 Kristnisjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 3,3 m.kr. í samræmi við ákvæði samnings ríkis og kirkju en framlag í hann er miðað við 16 prestslaun.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.453,6 m.kr.

401 Barnaverndarráð.

1.01 Barnaverndarráð. Felld er niður heimild að fjárhæð 8,4 m.kr. í kjölfar þess að starfsemi barnaverndarráðs var hætt á árinu 2002.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 0,5 m.kr. vegna breytinga á launaforsendum fjárlaga 2003 í kjölfar úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Farið er fram á 6,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til greiðslu biðlauna en í kjölfar nýrra laga um Greiningarstöðina var staða framkvæmdastjóra stofnunarinnar lögð niður.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 34 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2003.

981 Vinnumál.

1.90 Ýmislegt. Óskað er eftir 3,4 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði ráðuneytisins í þátttöku nefndar til að móta tillögur um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Fjármagn til þessa verkefnis var fellt niður í fjárlögum 2003 en í lok árs 2002 ákvað ríkisstjórn að halda verkefninu áfram.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarfjárheimild til Ábyrgðasjóðs launa þar sem greiðslur úr sjóðnum eru umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins. Á fyrstu sjö mánuðum ársins voru útgjöld sjóðsins 404 m.kr. en fjárheimild sjóðsins á árinu er 440 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Farið er fram á 1.100 m.kr. viðbótarfjárheimild til sjóðsins vegna aukins atvinnuleysis. Samkvæmt spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir 3,3% atvinnuleysi á árinu en forsendur fjárlaga byggðust á spá um 2,5% atvinnuleysi. Kostnaður á hvert prósentustig er áætlaður 1.084 m.kr. eða alls 3.577 m.kr. sem er um 1.110 m.kr. umfram fjárheimild fjárlaga.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Farið er fram á 12,3 m.kr. hækkun til starfsemi Byrgisins. Málefni Byrgisins voru til skoðunar hjá ríkisstjórn í mars sl. og var samþykkt að veita 25 m.kr. rekstrarstyrk til starfseminnar miðað við heilt ár en í félagsmálaráðuneytinu hefur verið unnið að nánara samkomulagi um starfsemina.

1.90 Ýmis framlög. Farið er fram á 5,3 m.kr. framlag til greiðslu á húsaleigu Efri Brúar í Grímsnesi en jörðin er að hluta nýtt undir starfsemi Byrgisins. Samkvæmt leigusamningi við Fasteignir ríkissjóðs mun félagsmálaráðuneytið standa skil á leigugreiðslum og er fjárhæð tillögunnar leigugreiðsla fyrir mánuðina maí til ársloka 2003. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í frumvarpi til fjárukalaga 2004.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.305,9 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 15 m.kr. aukafjárveitingar til að mæta kostnaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vegna úrskurðar um Norðlingaölduveitu. Hinn 24. september 2002 var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra settur til að fara með kærumál vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðlingaölduveitu. Verkefnið var óskilyt verkefnum ráðuneytisins en auk fastra starfsmanna kom að því hópur sérfræðinga utan ráðuneytis.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 11,6 m.kr. framlag til að mæta hluta stofn- kostnaðar við lyfjagagnagrunna sbr. ákvæði laga nr. 89/2003 um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988. Samkvæmt þeim skal starfrækja tvo gagnagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, sem hafa að geyma upplýsingar sem Tryggingastofnun fær afhentar frá lyfsölum en markmiðið með rekstri gagnagrunnanna er að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lög- bundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fiknilyfjum og lyfjaávisunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfja- notkun landsmanna.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar verði aukið um 674,4 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi, sem varið er til þessara verkefna, lækki frá forsendum fjárlaga 2003 um þá fjárhæð. Áætlun um útgjöld er óbreytt.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til að auka barnageðlækningar og bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á því sviði. Á árinu 2002 var samið við barnageðlækna um 30.000 viðbótareiningar að fjárhæð um 5 m.kr. Heilbrigðisráðherra kynnti í ríkisstjórn 11. mars sl. tillögu sem miðaðist við að veita sömu þjónustu á árinu 2003 og var hún samþykkt.

1.15 Lyf. Lagt er til að veitt verði 160 m.kr. viðbótarframlag vegna lyfjakostnaðar sjúkratrygginga. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld vegna lyfja er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður ársins verði ríflega 5.700 m.kr. en er 5.573 m.kr. í fjárlögum.

1.21 Hjálpartæki. Farið er fram á 270 m.kr. viðbótarfjárveitingu til hjálpartækja. Útgjöld TR til hjálpartækja hafa aukist verulega síðastliðin ár en það má annars vegar má rekja að mestu til setningu reglugerðar nr. 752/2002, sem rýmkaði skilyrði fyrir úthlutun, og hins vegar til magnaukningar. Síðustu 4 árin eða svo hefur aukningin í hjálpartækjum numið 15–20% á ári þar sem bæði er um að ræða magnaukningu og tilfærslu yfir í nýja og dýrari tækni, svo og vegna áhrifa reglugerðar nr. 752/2002, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra sem rýmkaði verulega skilyrði fyrir úthlutun bifreiðastyrkja.

208 Slysatryggingar.

1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Lögð er til 40 m.kr. viðbótarfjárveiting til að mæta útgjöldum við slysatryggingar sjómanna. Á fjárlögum eru 160 m.kr. til að mæta þessum útgjöldum en þau voru 195,7 m.kr. á árinu 2002. Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa en stofnunin greiðir hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannaölög ákveða hverju sinni. Innheimt er sérstakt iðgjald af útgerðarmönnum sem stendur undir kostnaðinum.

301 Landlæknir.

1.30 Slysavarnaráð. Lagt er til að 0,3 m.kr. af fjárveitingu slysavarnaráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar en samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð skulu áfengis- og vímuvarnaráð, mannelisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð starfa innan Lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð tók til starfa hinn 1. júlí og er framsetning í fjárukalögum við það miðuð að helmingur fjárveitingar slysavarnaráðs verði millifærður á nýjan fjárlagalið Lýðheilsustöðvar.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Farið er fram á 54,1 m.kr. framlag til reksturs Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð tók til starfa hinn 1. júlí og er framsetning í fjárukalögum við það miðuð að helmingur fjárveitingar slysavarnaráðs mannelisráðs, tóbaksvarnaráðs og áfengis- og vímuvarnaráðs verði millifærður á nýjan fjárlagalið stöðvarinnar. Af ofangreindu framlagi eru 13 m.kr. sem er beint framlag til stöðvarinnar í fjárlögum 2003 en millifært af viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* á lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þá eru millifærðar 0,3 m.kr. frá slysavarnaráði, 4 m.kr. frá áfengis- og vímuvarnaráði, 8,8 m.kr. frá mannelisráði og 28 m.kr. frá tóbaksvarnaráði eða alls 41,1 m.kr.

1.90 Forvarnasjóður. Farið er fram á að 35 m.kr. af fjárheimild forvarnasjóðs verði fluttar á nýtt viðfangsefni sjóðsins undir Lýðheilsustöð en áfengis- og vímuvarnaráð og forvarnasjóður skal starfa innan stöðvarinnar.

330 Manneldisráð.

1.01 Manneldisráð. Lagt er til að 8,8 m.kr. af fjárheimild mannelldisráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 100 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og á fjárveitingin að koma til móts við viðleitni stjórnenda sjúkrahússins til að halda rekstri innan fjárheimilda.

5.01 Fasteign. Farið er fram á 3,7 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 9,7 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og í fyrra lið.

6.50 Nýbygging. Farið er fram á 1,8 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og tveimur fyrri liðum.

373 Landspítali - háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 977 m.kr. aukafjárveiting til sjúkrahússins af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 930 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss. Er fjárveitingunni áætlað að bæta greiðslustöðu spítalans og gera honum m.a. kleift að gera upp vanskilaskuldir við birgja og draga þar með úr fjármagnskostnaði. Hins vegar er lögð til 27 m.kr. fjárveiting til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga í samræmi við tillögur heilbrigðisráðherra sem ríkistjórn samþykkti í mars sl. Í tillögunum felst m.a. að 20 m.kr. skuli varið til að koma á fót sérstöku tímabundnu teymi sem starfi til ársloka 2003 og einbeiti sér að bráðatilvikum, stytta bráðabiðlista eftir þjónustu unglिंगageðdeildar og veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsókn til unglunga í vanda. Þá felst í tillögunum að 3 m.kr. skuli varið til að efla þjónustu við börn utan höfuðborgarsvæðisins og 1,5 m.kr. til að efla heimaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Að síðustu eru 2,6 m.kr. til að standa undir leigukostnaði göngudeildar í nýju húsnæði.

5.60 Viðhald. Farið er fram á að 212 m.kr. af söluandvirði eigna Landspítala – háskólasjúkrahúss við Kópavogsbraut verið varið til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss, sbr. heimildargrein 3.4 í 7. gr. fjárlaga 2003.

6.70 Nýframkvæmdir. Óskað er eftir 45 m.kr. stofnkostnaðarframlagi til að stækka

legudeild barna- og unglíngageðdeildar í núverandi húsnæði göngudeildar. Er það í samræmi við tillögur heilbrigðisráðherra sem nefndar eru í fyrsta viðfangsefni þessa liðar. Með breytingunni fást 6 til 8 rými til viðbótar og verða þau þá alls 15 til 17.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að veittar verði 100 m.kr. til að mæta rekstrarvanda heilbrigðis- og endurhæfingarstofnana. Nokkrar heilbrigðis- og endurhæfingarstofnanir eiga við talsverðan rekstarvanda að etja og eiga viðbótarfjárveitingar til stofnananna að auðvelda stjórnendum þeirra að grípa til ráðstafana til að halda rekstri þeirra innan fjárheimilda.

6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar. Óskað er eftir 41,1 m.kr. viðbótarfjárveitingu á þennan lið. Annars vegar er óskað eftir 30,5 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á 10 öndunarfélum en ríkisstjórnin samþykkti á árinu tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kaup á 10 öndunarfélum til að bregðast við heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu sem aðallega yrðu staðsettar á sýklavarnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hins vegar er farið fram á 10,6 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt. Farið er fram á 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

6.60 Tækjakaup, óskipt. Lögð er til 3,1 m.kr. aukafjárveiting af sama tilefni og að framan greinir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Óskað er eftir samtals 210,3 m.kr. viðbótarframlagi á þennan lið. Í fyrsta lagi er farið fram á 105,8 m.kr. aukafjárveiting vegna kaupa á húsnæði heilsugæslustöðvar í Lágmúla, Reykjavík og í Garðabæ. Í öðru lagi er lögð til 47,5 m.kr. aukafjárveiting til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum. Í þriðja lagi er óskað eftir 45 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af skuld ríkissjóðs við Reykjanesbæ vegna framkvæmda við D-álmú Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Loks er óskað eftir 12 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við úrbætur í húsnæðismálum heilsugæslustöðvarinnar á Raufarhöfn.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 2,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um krabbameinsleit en samkvæmt samningnum er miðað við 200.000 sérfræði-

einingar á ári vegna sérskoðana en greiðslan hækkar eða lækkar víki einingar um 7% frá umsömdum fjölda. Fjöldi sérfræðieininga 2002 var 225.853 og er því farið fram á leiðréttingu fyrir 11.853 einingum.

1.53 Tóbaksvarnir. Lagt er til að 28 m.kr. af fjárheimild til tóbaksvarna verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilustöð.

1.90 Ýmis framlög. Óskað er eftir að 13 m.kr. fjárveiting til Lýðheilsustöðvar í fjárlögum 2003 verði færðar á nýjan fjárlagalið 305 Lýðheilsustöð.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

5.01 Viðhald, óskipt. Farið er fram á 4,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 4,4 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og í fyrra lið.

501 Sjúkraflutningar.

1.11 Sjúkraflutningar. Farið er fram á 19,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis til að mæta kostnaði við flutning sjúklinga á milli sjúkrahúsa en flutningarnir hafa farið umfram tiltekinn fjölda samkvæmt samningi ráðuneytis við Slökkvilið höfuðborgarsvæðis. Samkvæmt samningnum ber að endurskoða greiðslur til verksala ef flutningum fjölgar eða fækkar um meira en 6% af viðmiðunareiningum.

621 Forvarnasjóður.

1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð. Lagt er til að 4 m.kr. af fjárheimild áfengis- og vímuvarnaráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.

1.90 Forvarnasjóður. Farið er fram á að 35 m.kr. af fjárheimild forvarnasjóðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.

700 Heilbrigðisstofnanir.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 45 m.kr. til að mæta kostnaði vegna langvarandi veikinda starfsmanna á heilbrigðisstofnunum en nokkrar smærri heilbrigðisstofnanir hafa þurft að greiða starfsmönnum laun í alvarlegum og langvarandi veikindum. Farið fram á sérstaka fjárveitingu til greiðslu á þessum kostnaði þar sem hann hefur valdið stofnununum verulegum erfiðleikum í rekstri.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 12,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu á Egilsstöðum, Eskifirði og Reyðarfirði sem rekja má til fjölgunar

starfsmanna sem vinna við virkjanir og jarðgangaf framkvæmdir á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að fjölga verði um 2 lækna og 1 hjúkrunarfræðing af þessum sökum.

795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Farið er fram á 8,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði vegna Mósa-sýkingar sem kom upp á spítalanum í janúar sl. og leiddi til að eyða þurfti miklu magni af hjúkrunarvörum, pappírsvörum o.fl. sem voru í opnum pakkningum auk þess sem kaupa þurfti að sóttthreinsivinnu.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.245,7 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri.

1.01 Yfirsjórn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki alls um 70 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 41,2 m.kr. fjárheimild vegna flutnings fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra. Hinn 1. júlí sl. tók embætti ríkisskattstjóra yfir ábyrgð á verkefnum fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands. Fyrirtækjaskráin flutti að Laugavegi 166 hinn 1. september sl. Áætlaður kostnaður vegna flutningsins er 41,5 m.kr. Útgjöld vegna breytinga á húsnæði eru 15,2 m.kr., vegna skrifstofubúnaðar 2,2 m.kr., afgreiðslukerfis og skönnunar 3,8 m.kr., tölvu- og netbúnaðar 2,9 m.kr., hugbúnaðar 15,1 m.kr. og annar kostnaður er áætlaður 2,3 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 24 m.kr. hækkun á fjárheimild embættisins vegna rekstrarkostnaðar fyrirtækjaskrár frá 1. júlí til ársloka. Á móti koma 34,6 m.kr. ríkistekjur fyrir skráningar og afnot af fyrirtækjaskrá sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en eru nýttar til fjármögnunar á rekstrinum. Greiðsla úr ríkissjóði lækkar sem nemur áætluðum tekjum umfram útgjöld eða um 10,6 m.kr. Loks er gerð tillaga um 4,8 m.kr. fjárveitingu til embættisins vegna kostnaðar við framkvæmd úrvinnslugjalds sem því var falið með lögum nr. 16/2002, um úrvinnslugjald. Samkvæmt lögnum skulu 0,5% af innheimtum tekjum renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmdina. Áætlaðar tekjur eru um 1.260 m.kr. á ári þannig að 6,3 m.kr. munu renna í ríkissjóð til að mæta útgjöldum við álagningu og innheimtu. Áætlaður árlegur kostnaður vegna útsendinga greiðsluseðla nemur um 1,8 m.kr. og launakostnaður starfsmanna um 2,1 m.kr. Áætlað er að þessi kostnaður nemi um 3 m.kr. fyrir árið 2003. Þá fellur til í ár kostnaður við breytingar á hugbúnaði embættisins sem er áætlaður 1,8 m.kr.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Óskað er eftir 9 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna viðamikilla skattrannsókna á árinu. Á undanförunum 18–20 mánuðum hefur stofnunin haft til meðferðar nokkur stór og viðamikil mál. Hafa þau reynst mun þyngri í vöfum en ráð var fyrir gert og umfang rannsókna orðið meira en venja er við rannsókn slíkra mála. Af þessum sökum hafa launagreiðslur á árinu orðið talsvert hærrí en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Þá er fyrirsjáanlegt að vinna aðkeyþra endurskoðenda, lögfræðinga og þýðenda verði einnig meiri en áætlað var.

250 Innheimtukostnaður.

1.10 Ýmis innheimtukostnaður. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárheimild til þess að mæta auknum innheimtukostnaði. Afar erfitt er að áætla fyrir kostnaði vegna innheimtu með nokkurri vissu og hefur hefur hann farið umfram fjárheimildir undanfarin ár sem nemur 40–50 m.kr. Mest munar um útgjaldafrávik vegna beiðna um fjárnám og gjaldþrotaskipti auk þess sem þjónustugjöld til banka vegna innheimtunnar eru veruleg. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna innheimtu nemi alls um 231 m.kr. árið 2003.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gert er ráð fyrir að gjaldfærður fjármagnstekjuskattur sem fellur á ríkissjóð vegna arðgreiðslna, vaxtatekna og söluhagnaðar hækki um 270 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Skýrist það einkum af því að söluhagnaður eigna verður heldur meiri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga eins og fram kom í forsendum fyrra fjáraukalagafrumvarps fyrir árið 2003 sem afgreitt var á sl. vorþingi.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Gert ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu á vaxtabótum vegna húsnæðislána þurfi að hækka um 600 m.kr. Samkvæmt tölum sem liggja fyrir í skattálagningu ársins 2003 hafa þessar greiðslur aukist mun meira en reiknað var með í forsendum fjárlaga, m.a. sökum þess að ekki hefur verið reiknað nægilega með áhrifum af fyrirframgreiðslu vaxtabóta og mikilli aukningu í húsnæðislánum.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

6.21 Húsnæði. Gert er ráð fyrir að leigutekjur rekstrarfélagsins lækki um 15,2 m.kr. Vegna flutnings Hagstofu Íslands og Einkaleyfastofu frá Lindargötu 9 og Skuggasundi 3 hefur húsnæði í umsjón rekstrarfélagsins staðið autt og engin leiga verið innheimt. Auk þess flutti dómsmálaráðuneytið úr Arnarhvoli í Skuggasund 3 um miðjan september og getur rekstrarfélagið ekki innheimt leigu í Arnarhvoli á meðan gerðar eru endurbætur á húsnæðinu þar. Rekstrarkostnaður húsnæðis lækkar hins vegar ekki við þessa flutninga, nemur alls 15,2 m.kr. þar sem miðað er við rekstrarkostnað.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 170 m.kr. Þar af eru 82 m.kr. til að mæta auknum launakostnaði í kjölfar úrskurðar Kjara-dóms 10. maí sl. um laun æðstu embættismanna ríkisins en hann gildir frá sama tíma fyrir þingmenn og ráðherra en frá 1. maí fyrir aðra. Kostnaðaráhrif úrskurðarins eru metin á um 135 m.kr. á ársgrundvelli. Í annan stað er reiknað með 70 m.kr. viðbótar-fjárveitingu til liðarins til að mæta auknum launakostnaði í kjölfar úrskurðar kjara-nefndar um laun embættismanna sem tók gildi 1. júní 2003. Samkvæmt úrskurðinum er gerð 5% hækkun á launum þeirra embættismanna sem höfðu ótímabundna skipun við gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en auk þess hækkar verð á einingum sem embættismenn fá greiddar til viðbótar við föst laun. Af-gangurinn af fjárheimildinni, 18 m.kr., er ætlaður til að bæta stofnunum ýmsar smærri breytingar á launakjörum starfsmanna sem orðið hafa eftir afgreiðslu gildandi fjárlaga.

999 Ýmislegt.

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. aukaframlag vegna tryggingabóta skv. kjarasamningum. Kostnaður vegna trygginga-bóta á árinu er hærri en ráð var fyrir gert vegna ófyrirséðra mála.

1.45 Ýmsar nefndir. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar kærumála á útboðum hins opinbera, sbr. lög um opinber innkaup. Erfitt er að áætla fyrir kostnaðinum þar sem kærufjöldinn getur verið mjög breytilegur milli ára.

1.60 Dómkröfur. Gerð er tillaga um 40 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna dómkrafna. Mikil fjölgun hefur orðið á undanförunum árum á málsóknum á hendur ríkinu og stefnir í að dómkröfur og málskostnaður fari talsvert fram úr áætlun fjárlaga ársins 2003.

1.66 Yfirfasteignamatsnefnd. Óskað er eftir að veittar verði 5 m.kr. vegna aukins launa-kostnaðar Yfirfasteignamatsnefndar. Aukningin stafar fyrst og fremst af stórauðnu hlutverki nefndarinnar sem úrskurðaraðila í brunabótamati ásamt endurmati fasteigna-mats og brunabótamats á árinu 2001. Kostnaður nefndarinnar eftir fyrstu sex mánuði ársins er 6 m.kr. en fjárheimild fyrir árið 2003 er aðeins 4,4 m.kr. Áætlað er að heildar-kostnaður nefndarinnar verði um 9,5 m.kr. á árinu 2003.

6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 18 m.kr. fjárheimild til endurnýjunar á nokkrum bifreiðum fyrir ráðherra. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu sem verði notuð til endurnýjunar bifreiða og því þurfi framvegis ekki að koma til framlaga í fjárukalögum.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 485,6 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 7 m.kr. aukafjárveitingu. Annars vegar 5 m.kr. til að bæta aðbúnað á skrifstofum ráðuneytisins svo að hann fullnægi lágmarkskröfum samkvæmt reglum um öryggi fyrir ráðuneyti. Hins vegar er farið fram á 2 m.kr. framlag vegna starfa sérstakrar rannsóknarnefndar sem samgönguráðherra skipaði vegna flugslyssins í Skerjafirði.

190 Ýmis verkefni.

1.25 Staðsetningarkerfi. Farið er fram á 12 m.kr. vegna stofnkostnaðar og reksturs á svokölluðum RIM-stöðvum fyrir EGNOS-staðsetningarkerfi. Geimferðastofnun Evrópu, ESA, hefur farið þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau hýsi og reki tvær slíkar stöðvar til reynslu í 18 mánuði. ESA leggur til allan tæknibúnað og vinnu við að koma stöðvunum upp og er sá kostnaður talinn verða 60–80 m.kr. Áætlað er að önnur stöðin verði rekin í tengslum við flugstjórnarmiðstöðina á Reykjavíkflugvelli en hinni verði komið fyrir á Egilsstöðum. Að reynslutímabili loknu er gert ráð fyrir að rekstur stöðvanna verði boðinn út. Stöðvar þessar munu gegna því hlutverki að taka við merkjum frá GPS-gervihnattakerfinu, leita að skekkjum og senda leiðréttingar ásamt upplýsingum um áreiðanleika merkjanna um staðbundna gervihnetti við miðbaug til notenda á Íslandi. EGNOS er talið hafa marga kosti umfram núverandi leiðréttingar, m.a. þann að ekki þarf aukabúnað til viðbótar GPS-tækis til þess að nýta sér þjónustu kerfisins.

1.34 Flugskóli Íslands. Farið er fram á 12,3 m.kr. hækkun á styrk til Flugskóla Íslands hf. Beiðnin er í samræmi við niðurstöður nefndar sem falið var að gera tillögur að endurskipulagningu á rekstri skólans með það að leiðarljósi að atvinnuflugmannsnámi verði sinnt hér á landi áfram. Í frumvarpi til fjárlaga 2004 er sambærileg tillaga um hækkun á framlagi til skólans.

1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi. Farið er fram á 12,5 m.kr. framlag til að efna samning sem gerður hefur verið milli stjórnvalda og landsstjórnarinnar á Grænlandi um flug milli Íslands og Narssarssuaq. Samningurinn er til þriggja ára og hefur samhljóða tillaga verið gerð í frumvarpi til fjárlaga 2004.

211 Vegagerðin.

Farið er fram á 400 m.kr. hækkun á framlagi til Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi er sótt um heimild til að ráðstafa 300 m.kr., söluandvirði fasteignar og lóðar Vegagerðarinnar að Stórhöfða 34–40 samkvæmt heimild í fjárlögum 2003. Í öðru lagi er sótt um heimild til að endurskoða skiptingu á fjárheimildum milli reksturs, viðhalds og stofn-kostnaðar til samræmis þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 til 2006. Samkvæmt þingsályktuninni er gert ráð fyrir að á rekstrar- og rekstrartil-færsluviðfangsefni verði veitt samtals 219,6 m.kr., sem skiptist þannig að viðfangs-efnaliður *1.01 Yfirstjórn* hækki um 37,9 m.kr. *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* hækki um 183,1 m.kr. og *1.13 Styrkir til innanlandsflugs* lækki um 1,4 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld vegna viðhaldsverkefna aukist um 421,8 m.kr. samtals og skiptist þannig að *5.05 Þjónusta* hækki um 261,7 m.kr. og *5.10 Viðhald* hækki um 160,1 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir að stofnkostnaður lækki um 341,4 m.kr. Þar af lækki *6.10 Nýframkvæmdir* um 343 m.kr., *6.21 Landsvegir* lækki um 0,5 m.kr. og *6.45 Styrkvegir* lækki um 0,2 m.kr. en á móti komi 1,8 m.kr. hækkun til *6.40 Tilraunir*, 0,4 m.kr. til *6.43 Safnvegir* og *6.47 Reiðvegir* um 0,1 m.kr. Í þriðja og síðasta lagi er sótt um 100 m.kr. framlag á *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* vegna útgjalda árið 2002. Fram-lagið skiptist annars vegar þannig að 50 m.kr. eru vegna styrkja til sérleyfishafa. Árið 2002 var lokið við gerð þjónustusamninga við sérleyfishafa vegna almennings-samgangna á landsbyggðinni. Þá kom í ljós að kostnaður við að halda uppi því þjónustu-stigi sem verið hefur nemur um 160 m.kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 109 m.kr. í verkefnið. Hins vegar eru 50 m.kr. ætlaðar í styrk til rekstraraðila Vest-mannaeyjaferjunnar Herjólfss vegna ákvörðunar um að bæta samgöngur við Vest-mannaeyjar.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 10 m.kr. framlag vegna aukinna verkefna Siglinga-stofnunar sem hafa skapast af nýrri alþjóðlegri siglingaverndaráætlun sem tók gildi 1. júlí síðastliðinn. Í frumvarpi til fjárlaga er farið fram á 11 m.kr. framlag vegna sama verkefnis.

1.11 Rekstur strandarstöðva. Farið er fram á 14,4 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi milli Siglingastofnunar og Landssíma Íslands hf. um rekstur strandarstöðva.

6.70 Hafnamannvirki. Óskað er eftir heimild til að auka greiðslur úr ríkissjóði um 106,6 m.kr. Samkvæmt nýjum hafnalögum, nr. 61/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003, eru tekjur af sérstöku vörugjaldi ekki lengur markaðar stofnuninni heldur renna þær í ríkissjóð. Greiðsla úr ríkissjóði hækkar því sem nemur mörkuðum tekjum. Lagt er til að framlag til framkvæmda við hafnamannvirki lækki um 17,5 m.kr. í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun 2003 til 2006.

Óskað er eftir heimild til að fresta hafnaframkvæmdum á samgönguáætlun í Sandgerði um 25,5 m.kr. og að fjárheimildin verði nýtt til gerðar sjóvarnargarða á eftirfarandi stöðum: Árneshreppur, 2,1 m.kr., Reykjanesbær í Njarðvík, 4,2 m.kr., Reykjanesbær í Keflavík, 10,4 m.kr., Reykjanesbær við Skipaafgreiðslu Suðurnesja Ytri-Njarðvík og Seylubakka og Kópu í Innri-Njarðvík, 6,2 m.kr., Vatnsleysustrandarhreppur, 2,6 m.kr. Engin viðbótarútgjöld verða hjá ríkissjóði vegna þessa. Jafnframt er óskað eftir heimild til að veita Ísafjarðarbæ styrk til að kaupa dráttarbát að fjárhæð 43,5 m.kr. sbr. heimild í 25. gr. í hafnalögum um slíkar styrkveitingar. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir styrkveitingunni og því er lögð til frestun á nokkrum framkvæmdum í Ísafjarðarbæ á árununum 2003–2006 að fjárhæð 43,5 m.kr. svo veita megi styrkinn. Framkvæmd sem lagt er til að verði frestað á árinu 2003 eru lagnir, lýsing og þekja í Sundahöfn í Ísafirði að fjárhæð 16,8 m.kr. Í greinargerð frumvarps til fjárlaga 2004 er fjallað um frekari frestanir sem fyrirhugaðar eru á árinu 2004.

471 Flugmálastjórn.

1.01 Flugmálastjórn. Farið er fram á að Flugmálastjórn verði veitt 40 m.kr. framlag vegna samkomulags milli menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis þess efnis að Flugmálastjórn greiði Ríkisútvarpinu þá fjárhæð til að standa straum af viðbótar-kostnaði sem hlaust af lækkun langbylgjumastursins á Eiðum. Mál þetta á sér upphaf í kröfu Flugmálastjórnar á hendur Ríkisútvarpinu um að mastrinu yrði breytt. Krafan var reist með vísan til 68. gr. loftferðalaga en sú grein kveður jafnframt á um að kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði. Í öðru lagi er óskað eftir heimild til að lækka greiðslur úr ríkissjóði um samtals 51,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðra áætlana um ríkistekjur af afgreiðslugjöldum, landingargjöldum, prófgjöldum og skoðunar- og eftirlitsgjöldum. Í þriðja lagi er lagt til að rekstrargjöld hækki um 226,8 m.kr. á móti jafnmikilli hækkun sértekna frá Alþjóðaflugþjónustunni, tekjum af flugvélum, tekjum af skólagjöldum skóla Flugumferðarstjórnar og tekjum af útseldri sérfræðiþjónustu. Í fjórða lagi er lögð er til 5,1 m.kr. lækkun á greiðslu úr ríkissjóði vegna ráðstöfunar á flugvallargjaldi til reksturs. Í fimmta lagi er lagt til að 75 m.kr. verði millifærðar yfir á nýjan viðfangsefnalið *5.41 Flugvellir, viðhald*. Fénu verður varið til að ljúka framkvæmdum við endurnýjun húsnæðis stofnunarinnar á fyrstu til fimmtu hæð í Flugturninum á Reykjavíkurlflugvelli.

6.41 Flugvellir, framkvæmdir. Farið er fram á að framlag til framkvæmda við flugvelli verði lækkað um 5,1 m.kr. í samræmi við samgönguáætlun. Áætlunin gerir ráð fyrir að til stofnkostnaðar verði varið alls 688 m.kr. Í fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við flugvelli verði 693,1 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 64,5 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 1,6 m.kr. lækkun framlags en gert hafði verið ráð fyrir 8 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar ráðuneytis af innleiðingu raforkulaga frá og með 1. janúar 2003. Hins vegar voru löggin ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. og þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á framkvæmd laganna.

201 Iðntæknistofnun Íslands.

1.01 Iðntæknistofnun Íslands. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu til að hægt verði að auka hlutverk nýsköpunarmiðstöðvar, Impru, sem hingað til hefur einungis þjónað iðngreinum en samkvæmt lögum á hún að þjóna öllum íslenskum atvinnugreinum. Rekstur miðstöðvarinnar nemur um 25 m.kr. á ári. Rekstur verkefnisins hefur að megninu til verið fjármagnaður af *1.48 Átak til atvinnusköpunar* undir fjárlagaliðnum 299 Iðja og iðnaður, framlög.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Lagt er til að veitt verði 13,4 m.kr. framlag til rannsókna á fornminjum á lóð sem ætluð er undin álver ALCOA á Reyðarfirði. Í lóðarsamningi íslenskra stjórnvalda og ALCOA er gert ráð fyrir að fyrirtækinu verði afhent lóð undir væntanlegt álver án kvaða. Fyrirtækið ber þannig almennan kostnað við framkvæmdir á lóðinni en lóðareigandi, sem er ríkissjóður, ber kostnað af óvissuþáttum sem kunnu að hafa legið fyrir við undirritun samningsins.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði tækninefndar. Samkvæmt lögum um vísinda- og tækniráð heyrir tækninefnd undir iðnaðarráðuneytið. Um er að ræða laun nefndarmanna og annan kostnað, svo sem aðstoð sérfræðinga á tilteknu sviði. Ljóst er að með tilkomu nýju laganna verður ráðuneytið að leggja ríkari áherslu á vísinda- og nýsköpunarmál.

301 Orkustofnun.

1.01 Yfirstjórn. Í fyrsta lagi er farið fram á 8,3 m.kr. lækkun framlags. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar stofnunarinnar af eftirliti og undirbúningi

raforkulaga sem ráðgert var að tækju gildi frá og með 1. janúar 2003. Lögin voru ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. Þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á gildistöku laganna. Í öðru lagi er farið fram á 3,5 m.kr. fjárveitingu einnig vegna raforkulaga. Sá hluti eftirlits sem gert hafði verið ráð fyrir að Löggildingarstofan innti að hendi flyst til Orkustofnunar. Af þeim sökum er óskað eftir að 3,5 m.kr. framlag verði millifært frá Löggildingarstofu yfir til Orkustofnunar.

399 Ýmis orkumál.

1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið. Óskað er eftir 41,5 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði við matsáætlun, undirbúning á formlegu umhverfismati og öðrum kostnaði vegna hugsanlegrar rafskautaverksmiðju á Katanesi. Áætlaður kostnaður vegna umhverfismats, öflunar starfsleyfis, lóðar- og hagkvæmniathuganir nemur um 31,5 m.kr. Auk þess er áætlað að kostnaður vegna samningsgerðar, fjármögnunar og annarrar sérfræðiþjónustu geti verið um 10 m.kr.

1.21 Nýskipan orkumála. Sótt er um 6 m.kr. heimild til að mæta kostnaði við starf nítján manna samráðsnefndar um fyrirkomulag flutningskerfis raforku og jöfnun á flutningskostnaði og dreifingu. Nefndinni var komið á fót samkvæmt raforkulögum sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor eftir afgreiðslu fjárlaga og á hún að ljúka störfum fyrir lok þessa árs. Fjárhæðin er í samræmi við kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 12,2 m.kr.

302 Löggildingarstofa.

1.01 Löggildingarstofa. Ekki er gert ráð fyrir að Löggildingarstofa sinni eftirliti í raforkulögum sem samþykkt voru á Alþingi 15. mars sl. Fellur því niður 9,5 m.kr. fjárheimild sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 mun Orkustofnun annast eftirlitið.

902 Samkeppnisstofnun.

1.01 Samkeppnisstofnun. Farið er fram á 2,7 m.kr. lækkun framlags. Gert er ráð fyrir 13 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar stofnunarinnar af innleiðingu Raforkulaga frá og með 1. janúar 2003. Lögin voru ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. og þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á samþykkt þeirra.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 12,2 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 19,4 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfangið af tveimur tilefnum. Annars vegar er lögð til 24 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna flutnings fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra. Hinn 1. júlí sl. tók ríkisskattstjóraembættið yfir ábyrgð á verkefnum fyrirtækjaskrár af Hagstofunni og greiddi frá þeim tíma rekstrarkostnað. Vegna þessa er áætlað að á árinu lækki kostnaður Hagstofunnar um 24 m.kr., ríkistekjur Hagstofu lækki um 16,5 m.kr. og framlag ríkissjóðs lækki um 7,5 m.kr. Hins vegar er lögð til 4,6 m.kr. fjárveiting vegna aukins húsnæðiskostnaðar í Borgartúni 21a. Í árslok 2002 tók Hagstofan á leigu geymslurými í kjallara ásamt sameign. Auk þess er hið leigða húsnæði 110 fermetrum stærra en reiknað var með í fjárlögum 2003. Viðbótarkostnaður er 4,6 m.kr. og er þá talinn með allur rekstrarkostnaður, svo sem rafmagn, hiti, þrif, húsvarsla, viðhald og öryggisgæsla.

1.50 Þjóðskráin. Gerð er tillaga um 31,6 m.kr. fjárveitingu á viðfangið vegna húsnæðis- og flutningskostnaðar þjóðskrár, annars vegar 13,6 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar en í febrúar sl. tók Hagstofan á leigu húsnæði í Borgartúni 24 fyrir starfsemi þjóðskrárinnar. Kostnaður við rekstur húsnæðisins, þ.m.t. húsaleiga, er áætlaður 13,6 m.kr. á árinu. Hins vegar er gerð tillaga um 18 m.kr. vegna kostnaðar við standsetningu og flutning í húsnæðið. Gera þurfti talsverðar lagfæringar á húsnæðinu, svo sem að útbúa nýja afgreiðslu og vinnusvæði fyrir bakvinnslu, lagfæra gólfefni, endurnýja tölvu- og raflagnir o.fl. Einnig þurfti að kaupa ýmsan búnað, þ.á m. nýtt símkerfi.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 925 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við tímabundna ráðningu lögfræðings svo að hraða megi afgreiðslu mála sem safnast hafa upp hjá nefndinni. Þess má geta að umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við afgreiðsluhraða nefndarinnar.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar hinn 30. apríl sl. er gerð tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til leigu á húsnæði og reksturs gestastofu að Hellnum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

285 Spilliefnasjóður.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 11,1 m.kr. fjárveiting fjárlaga 2003 verði millifærð til Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um úrvinnslugjald sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2002.

1.10 Eyðing spilliefna. Lagt er til að 151,7 m.kr. fjárveiting fjárlaga 2003 verði millifærð til Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um úrvinnslugjald sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2002.

287 Úrvinnslusjóður.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 61,1 m.kr. fjárveitingu á viðfangið. Þar af er 11,1 m.kr. millifærð frá Spilliefnasjóði en 50 m.kr. eru nýtt fé til uppbyggingar og reksturs stofnunarinnar. Fjárveitingin er fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi sem áætlað er að verði 512,8 m.kr. á árinu 2003.

1.10 Úrvinnslusjóður. Gerð er tillaga um 451,7 m.kr. fjárveitingu á viðfangið vegna kostnaðar við úrvinnslu úrgangs. Þar af er 151,7 m.kr. millifærð frá Spilliefnasjóði en 300 m.kr. eru nýtt fé. Fjárveitingin er fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi sem áætlað er að verði 512,8 m.kr. á árinu 2003.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Gerð er tillaga um 554 m.kr. fjárveitingu. Verkefni sjóðsins eru fjármögnuð með tekjum af ofanflóðasjóðsgjaldi. Samningsbundnar framkvæmdir ársins nema 752 m.kr. en fjárveiting fjárlaga er aðeins 198,4 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi vöktunar á Mýrdalsjökli og við eldstöðina Kötlu vegna eldgosahættu á svæðinu, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar 7. mars sl. Skjálftavirkni í Kötlu hefur aukist á undanförunum misserum, bæði innan öskjunnar og í Goðabungu þar sem hún er mest. Sökum mikillar óvissu um þróun mála við eldstöðvar Kötlu er það mat umhverfisráðuneytisins að rétt sé að halda áfram með sérstaka vöktun umfram þá hefðbundnu vöktun sem fer fram hjá Veðurstofunni á skjálftavirkni í og við eldstöðina.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 430 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2003 bendir til þess að gjaldfærðir vextir lækki um 430 m.kr. og greiddir vextir um 1.065 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2003. Skýrist það aðallega af því að vextir hafa farið lækkandi erlendis og að gengi krónunnar hefur styrkst talsvert frá áætlun fjárlaga 2003 þar sem gengisvísitalan hefur lækkað úr 130 í um 126. Þá skýrist mikil lækkun á greiddum vöxtum af því að forinnlausn verðbréfa ríkissjóðs hefur orðið talsvert minni en reiknað var með í forsendum fjárlaga.